

Miðvikudaginn 24. maí 1995.

Nr. 446/1992.

Vatnsveitufélagið Berglind

(Andri Árnason hrl.)

gegn

Marteini Björnssyni

(Tryggvi Gunnarsson hrl.)

Lögbann. Frávísun frá héraðsdómi. Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma Markús Sigurbjörnsson hæstaréttardómari, Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari, og Friðgeir Björnsson dómstjóri.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. desember 1992. Hann krefst þess, að staðfest verði lögbann, sem lagt var á 3. apríl 1992, við frekari framkvæmdum stefnda, þar á meðal skurðgrefti, við vatnsból áfrýjanda í landi Blásanda í Ölfusi. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Endanlegar dómkröfur stefnda fyrir Hæstarétti eru þær, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

I.

Svo sem fram kemur í héraðsdómi, höfðaði áfrýjandi staðfestingarmál þetta með stefnu, birtri 9. apríl 1992. Krafa, sem hann gerir fyrir Hæstarétti, er samhljóða kröfu hans í héraði, þ. e. einungis um staðfestingu lögbannsins, án þess að krafist sé jafnframt dóms um þau réttindi, sem áfrýjandi leitar verndar á með lögbanni. Er kröfu-gerð þessi ekki í samræmi við ákvæði 2. mgr. 20. gr., sbr. 27. gr. þágildandi laga nr. 18/1949 um kyrrsetningu og lögbann, sbr. nú 2. mgr. 36. gr. laga nr. 31/1990 um, að sækja skuli í einu lagi mál til staðfestingar lögbanns og til viðurkenningar kröfu.

II.

Í héraðsdómi er annars vegar gerð grein fyrir leigusamningi, sem stefndi gerði við landbúnaðarráðherra 23. febrúar 1972, og hins vegar samningi áfrýjanda og landbúnaðarráðherra frá 4. nóvember

1976. Í 3. gr. síðargreinds samnings er svohljóðandi ákvæði: „Hið leigða land er ca. 1000 m² að stærð, sbr. bréf og uppdrátt Búnaðarfélags Íslands, dags.“. Þrjú eintök samningsins liggja fyrir í málinu. Er eyða fyrir aftan síðastgreint orð í tveim eintakanna, en á hið þriðja eru handskrifaðar dagsetningarnar „1. nóv. og 22. nóv. 1976“.

Samningseintaki því, sem sýslumaður Árnassýslu tók við til þinglýsingar 24. nóvember 1976, fylgir uppdráttur, dagsettur 22. nóvember 1976, en hann sýnir, að svæði afmarkað umhverfis hið umdeilda vatnsból nær út fyrir leiguland stefnda. Hins vegar bera önnur gögn málsins með sér, að girðing um vatnsbólið nái lítið sem ekkert út fyrir leiguland stefnda. Þykir mega leggja til grundvallar, að svæðið, sem áfrýjandi girti af, sé innan þess landsvæðis, er stefndi tók á leigu með fyrrnefndum samningi.

Fallast má á það með stefnda, að landbúnaðarráðherra hafi með greindum samningi árið 1976 ráðstafað spildu úr landi, sem ráðherra hafði áður leigt stefnda. Er sú niðurstaða og í samræmi við málatilbúnað áfrýjanda, eins og getið er í héraðsdómi.

Á þau þrjú eintök, sem liggja fyrir í málinu af ofangreindum leigusamningi, hefur stefndi ritað orðið Samþykktur og nafn sitt þar fyrir neðan. Er samþykki þetta ritað á seinna blað leigusamningsins, en á því eru síðustu tvær greinar hans, þ. e. 7. og 8. gr., auk undirskrifta aðila og vitundarvotta. Á fyrra blaði samningsins eru önnur ákvæði hans. Um þetta segir stefndi, að hann hafi ekki samþykkt fyrra blaðið, en „síðara blaðið er seinna blað þess samkomulags, sem ég hafði gefið kost á að vera til viðræðu um við ráðuneytið, ef það vildi við mig tala“. Gefur hann í skyn, að fyrra blaðið sé annars efnis en blað það, sem hann hafi samþykkt með undirritun sinni. Þessi frásögn stefnda er ósennileg og ekki studd neinum gögnum.

Jafnframt er á það að líta, að stefndi viðurkennir í skýrslu fyrir héraðsdómi, að hann hafi fyrir sitt leyti veitt áfrýjanda heimild til að taka neysluvatn úr spildunni. Jafnframt lét hann afskiptalaust, að áfrýjandi girti umhverfis vatnsbólið, en framkvæmdir við það munu hafa byrjað árið 1977. Lýsti stefndi þeirri skoðun sinni, er hann kom fyrir héraðsdóm, að nauðsynlegt hefði verið að girða vatnsbólið af til að hindra aðgang búfjár og manna að því.

Þegar lítið er til þess, sem nú var rakið, verður að leggja til grund-

vallar, að stefndi hafi með undirritun sinni samþykkt samninginn frá 1976, eins og hann liggur fyrir í málinu.

Aðilum þessa samnings var eða mátti vera ljóst, að hann fór að ýmsu leyti í bága við eldri rétt stefnda. Samningurinn samrýmist ekki leiguréttindum, sem stefndi öðlaðist rúmum fjórum árum áður, og heimild hans til þess að stofna á leigulandinu nýbýli til fiskræktar. Í samningnum er hvergi vikið að samningi frá 1972, leiguréttindum eða nýbýli stefnda. Í 1. gr. samningsins frá 1976 segir, að leigt sé land úr ríkisjörðinni Hvoli í Ölfusi, en í fyrri samningi stendur, að leigt sé land úr óskiptu landi jarðanna Hvals I og Kvíarholts. Atvik að samningsgerðinni 1976 eru vanreifuð. Ekki hefur verið aflað upplýsinga eða skýringa frá landbúnaðarráðuneytinu um ástæður og aðdraganda þess, að hinn síðari samningur var gerður. Ekki liggur heldur fyrir umsögn ráðuneytisins um réttarstöðu áfrýjanda og stefnda, eftir að gerðir hafa verið við þá samningar, sem virðast að nokkru ósamrýmanlegir, þrátt fyrir það að stefndi hafi samþykkt síðari samninginn.

III.

Af hálfu áfrýjanda er því haldið fram, að fyrirhugaðar framkvæmdir stefnda geti valdið mengun í hinu umdeilda vatnsbóli. Hann hefur þó ekki lagt fram ýtarlega lýsingu á umbúnaði brunna, sem hann gerði á svæðinu. Ekki liggur heldur fyrir álit kunnáttumanna eða önnur gögn um ætlaða hættu á mengun vatnsbólsins, ef ónýttu yfirborðsvatni yrði veitt af svæðinu. Verður því ekki talið nægilega leitt í ljós, hvort fyrirætlun stefnda um að taka yfirborðsvatn valdi hættu á mengun vatnsbólsins. Jafnframt er á það að líta, að mjög skortir á upplýsingar af hálfu stefnda um, hvernig hann hyggist standa að frekari framkvæmdum við vatnsbólið.

IV.

Með vísan til alls þess, sem að framan er rakið, verður að telja, að slíkir annmarkar séu á reifun málsins og kröfugerð áfrýjanda, að ekki verði komist hjá að vísa málinu sjálfkrafa frá héraðsdómi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er felldur úr gildi og málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.
